



## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Efni: Fyrirspurn fulltrúa flokks fólksins um leigubílanotkun á velferðarsviði*

*Þann 15. janúar lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um leigubílanotkun velferðarsviðs:*

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um leigubílanotkun starfsmanna sviðsins og ráðsins sundurliðað eftir erindum, deildum og starfstitli á árunum 2019 og 2018. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvort einhverjar starfsreglur eða einhver viðmið gildi um leigubílanotkun á vegum borgarinnar sem veiti leiðsögn um hvenær eigi að kaupa leigubílfreiðaaakstur og hvenær ekki. Leigubílar eru nýttir í miklum mæli af starfssviðum Reykjavíkurborgar og allra mest af velferðarsviði. Það er því mikilvægt að borgarþúar geti treyst því að ekki sé verið að brúðla með almannafé og að leigubílar séu aðeins nýttir sem úrræði þegar önnur ódýrari úrræði koma ekki til greina. Því biður fulltrúi Flokks Fólksins um aðgang að upplýsingum um leigubílanotkun velferðarsviðs.*

### **Svar:**

Leigubílanotkun er sundurliðuð eftir sviðum, skrifstofum eða starfsstöð en ekki erindum starfsmanna.

Á velferðarsviði starfa tæplega 3.000 starfsmenn á um 100 starfsstöðum. Það eru fimm þjónustumiðstöðvar og út frá þeim eru 63 búsetuúrræði, 16 félagsmiðstöðvar, sex þjónustu-íbúðakjarnar, tvö hjúkrunarheimili og svo fleiri minni starfsstöðvar.

Í kjarasamningum Reykjavíkurborgar er kveðið á um að ef vinnutími starfsmanns hefst eða sé hann kallaður til vinnu á þeim tíma, sem almenningsvagnar ganga ekki, skuli honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Sama gildir um lok vinnutíma.

Önnur notkun á leigubílum er vegna vitjana á heimili, starfsstaði eða á fundi.

Yfirmaður hvers sviðs, skrifstofu eða starfsstaðar ákveður hvaða starfsmenn hafa heimild til að nota leigubifreiðar og hafa þeir til umráða margnota kort frá Hreyfli sem er samningsaðili Reykjavíkurborgar vegna leigubílaaksturs. Það er því í höndum yfirmanns starfsstaðar að stýra og bera ábyrgð á notkun leigubifreiða. Mánaðarlega sendir Hreyfill út reikninga fyrir hvert svið og kemur þar fram hvert bíll er pantaður og hvar ferðin endar. Tveir samþykktaraðilar eru á hverjum reikningi, fyrst starfsmaður/deildarstjóri og svo yfirmaður viðkomandi sviðs, skrifstofu eða starfsstaðar.

Á árinu 2018 var heildarleigubílakostnaður velferðarsviðs 42 m.kr. en á árinu 2019 var hann 46 m.kr.

	2018	2019	Breyting milli ára
Búsetuúrræði	18.331.086	19.853.915	1.522.829
Hjúkrunarheimili	1.698.688	2.474.344	775.656
Þjónustumiðstöðvar, barnavernd og skrifstofa	14.914.058	17.393.539	2.479.481
Stuðnings- og stoðþjónusta	2.228.365	2.176.824	-51.541
Annað	5.023.987	4.265.113	-758.874
<b>Samtals</b>	<b>42.196.184</b>	<b>46.163.735</b>	<b>3.967.551</b>

Í lok árs 2014 var ákveðið að afnema bifreiðastyrk til starfsmanna velferðarsviðs og tók ákvörðunin gildi frá og með 1. apríl 2015.

Bifreiðastyrkur var ætlaður þeim starfsmönnum, sem þurftu að sækja erindi og fundi út fyrir vinnustað og notuðu eigin bifreið til þess að fara á milli.

Á árinu 2014 var aksturskostnaður sviðsins 51,6 m.kr. eða sem samsvarar 57,8 m.kr. á verðlagi ársins 2019. Það hefur því orðið umtalsverð lækkun á aksturskostnaði velferðarsviðs.

	2014	2018	2019
Aksturskostnaður á verðlagi ársins 2019	57.820.362	43.052.962	46.163.735
Lækkun kostnaðar frá árinu 2014		-25,5%	-20,2%